

Alþingi
Erindi nr. P 136/564
komudagur 16.12.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. desember 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf.

Bréfi þessu fylgir umsögn Ríkisútvarpsins ohf. („RÚV“) um ofangreint frumvarp.

Aðalatriði eru sem hér segir:

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt skerðast tekjur af auglýsingum og kostun um	393 m.kr.
Fyrirhuguð mótvægisáðgerð felst í að skattgjaldið Verði kr. 17.900.- í stað upphaflegrar tillögu um kr. 17.076.-	-169 m.kr.
Enn vantar	224 m.kr.

Samkvæmt frumvarpinu vantar enn ríflega 224 milljónir króna upp á að staðið verði við gefnar yfirlýsingar um að RÚV skyldi bætt það tekjutap sem takmarkanir á auglýsingamarkaði hafa í för með sér. Til að bæta þessa vöntun eru tvær leiðir færar:

1. að hækka skattgjaldið í kr. 18.993.-
2. gæta meira hófs í fyrirhuguðum takmörkunum á auglýsingamarkaði

Sé vilji löggjafans að velja síðarnefndu leiðina má með eftirfarandi breytingum á frumvarpinu ná til baka um 196 milljónum króna á ársgrundvelli:

- heimila kostun á öllu íslensku efni og stórviðburðum
- hlutfall auglýsinga á kjörtíma verði hækkað í 6,67%, sem jafngildir 12 mín.
- heimilt verði að rjúfa þætti sem eru lengri en 40 mínútur
- heimila 240 sek. auglýsingatíma í kringum íslenskt efni

Þrátt fyrir ofangreint vantar enn um 28 milljónir króna til að tekjuskerðingunni sé mætt. Það mætti gera með því að hækka skattgjaldið um 137 krónur eða í kr. 18.037.

Svo sem fram kemur í umsögninni er það álit RÚV að fyrirhuguð breyting á lögum um Ríkisútvarpið á grundvelli þess frumvarps, sem hér um ræðir, geti haft neikvæð áhrif, ekki aðeins á starfsemi RÚV heldur jafnframt á starfsemi fjölmarga annarra aðila, bæði einstaklinga og fyrirtækja. Verður ekki séð að fullnægjandi rannsókn, ef einhver, hafi farið fram á afleiðingum þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpinu. Markmið frumvarpsins er að bæta stöðu annarra ljósvakamiðla en RÚV en í stað þess að gera það með því að takmarka félagið á auglýsingamarkaði væri nærtækara að hlúa að samkeppnisaðilum RÚV með öðrum hætti, standi vilji löggjafans til þess

RÚV telur nauðsynlegt að samhliða endurskoðun á þátttöku RÚV á auglýsingamarkaði verði sett löggjöf um fjölmiðla og eignarhald á þeim með það að markmiði að draga úr þeim skaðlegu samkeppnislegu áhrifum sem kunna að leiða af takmörkunum á umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði.

Virðingarfyllt,

f.h. Ríkisútvarpsins ohf.



Páll Magnússon,
útvarpsstjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. desember 2008

Efni: Umsögn Ríkisútvarpins ohf. um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf.

1.0 Inngangur

Ríkisútvarpið ohf. („RÚV“) hefur haft ofangreind frumvarpsdrög til umsagnar. Samkvæmt frumvarpsdrögum eru helstu breytingarnar á gildandi lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. eftirfarandi: Í *fyrsta lagi* eru lagðar til breytingar á ákvæði 11. gr. laganna um tekjustofna RÚV. Í *öðru lagi* eru lagðar til breytingar sem miða að því að koma á skilvirku eftirliti með starfsemi RÚV, þ. á m. með álagningu stjórnvaldssekta, og skilja með afgerandi hætti á milli eftirlits með lögunum og eignarhalds á félaginu. Í *þriðja lagi* er lagt til að ákvæði laganna um þjónustusamning um rekstur útvarpsþjónustu í almannabágu á milli menntamálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og RÚV verði gerð ítarlegri. Í *fjórða lagi* er lagt til að þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laganna um fjárhagslegan aðskilnað verði RÚV eftirleiðis heimilt að ráðstafa fjármunum frá rekstri annarrar starfsemi samkvæmt 4. gr. til greiðslu kostnaðar vegna útvarpsþjónustu í almannabágu samkvæmt 3. gr. laganna. Í *fimmta lagi* er lagt til að sett verði sérstakt ákvæði sem takmarkar heimild RÚV til tekjuöflunar með sölu auglýsinga, kostun og vöruinnsetningu.

Í kafla 2 eru nokkrar almennar athugasemdir en í kafla 3 má finna beinar athugasemdir RÚV varðandi ofangreind atriði. Í kafla 4 er að finna umfjöllun um hvaða þýðingu takmarkanir á umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði geta haft fyrir aðrar starfsstéttir. Í kafla 5 er fjallað um útreikning tekjutaps og í kafla 6 er að finna almennt niðurlag.

2.0 Almennar athugasemdir

RÚV setur fram nokkrar almennar athugasemdir til viðbótar einstökum athugasemdum í kafla 3 hér á eftir.

Í *fyrsta lagi* telur RÚV að ekki hafi farið fram fullnægjandi rannsókn, ef einhver, á sumum efnisatriðum frumvarpsins, meðal annars þeim skaðlegu áhrifum, bæði fjárhagslegum og samkeppnislegum, sem kunna að leiða af takmörkunum á umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði. eru hér ekki aðeins hafðir í huga hagsmunir RÚV heldur einnig hagsmunir fjölmargra annarra aðila, svo sem auglýsenda, auglýsingastofa, kvikmyndaframleiðenda og ekki síst neytenda. Telur RÚV mjög varhugavert, og ekki í samræmi við vandaða lagasetningarhætti, að ráðast í lagabreytingar án þess að fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um slík atriði, sbr. nánar hér að neðan. Telur RÚV jafnframt að samhliða endurskoðun á þátttöku RÚV á auglýsingamarkaði sé óhjákvæmilegt að sett verði löggjöf um fjölmiðla og eignarhald á þeim, meðal annars í því skyni að tryggja dreift eignarhald og takmarka þar með hættuna á þeim skaðlegu samkeppnislegu áhrifum sem kunna að leiða af takmörkunum á umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði við núverandi markaðsaðstæður, sbr. og einnig að neðan.

Í *öðru lagi* bendir RÚV á að starfsemi útvarpsréttarnefndar hvílir á tiltölulega veikum lagalegum grunni en með frumvarpinu eru nefndinni fengnar víðtækar eftirlitsheimildir. Í þessu sambandi má benda á að um hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst kveðið í reglugerð nr. 50/2002, en ekki *almennum lögum* frá Alþingi. Er hlutverk nefndarinnar sérstaklega afmarkað í 2. gr. reglugerðarinnar en af orðalagi reglugerðarinnar er ljóst að hlutverk hennar er skilgreint nokkru þrengra þar en samkvæmt nýja frumvarpinu. Sömuleiðis er kveðið á um skipan nefndarinnar í útvarpslögum nr. 53/2000, þ.e. almennum lögum frá Alþingi, en þó einungis í tiltölulega þröngu samhengi. RÚV telur að æskilegt væri að lögákveðið hlutverk útvarpsréttarnefndar væri almennt skýrar, og starfsemi nefndarinnar hvíldi þannig á traustari lagalegum grunni.

Í *þriðja lagi* bendir RÚV á að samkvæmt efni frumvarpsins er markmiðið meðal annars að koma á fót skilvirku eftirliti með starfsemi RÚV, þ. á m. með álagningu stjórnvaldssekta, og skilja með afgerandi hætti á milli eftirlits með lögunum og eignarhalds á félaginu. RÚV bendir á að með lögum nr. 6/2007 var ákveðið að starfsemi félagsins skyldi vera í hlutafélagaformi. Samkvæmt 68. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sem gilda um starfsemi RÚV, fer félagsstjórn með málefni félags og skal

annast um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Félagsstjórn og framkvæmdastjóri fara með stjórn félagsins. Félagsstjórn skal jafnframt annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félags. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félags sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félags sé með tryggilegum hætti. Að mati RÚV er það eðli hlutafélagaformsins, að það fellur í hlut stjórnenda félags, þ.e. stjórnar og framkvæmdastjóra, að hafa eftirlit með að starfsemi félags sé lögum samkvæm. Hluthafafundur hefur jafnframt eftirlitsvald með stjórn félags, en liður í því er að hluthafafundur getur t.d. krafist stjórn félags um þær upplýsingar sem hluthafafundur telur nauðsynlegar. Að mati RÚV eru eftirlitshlutverk og -heimildir útvarpsréttarnefndar, samkvæmt frumvarpinu, hins vegar að nokkru leyti á skjön við ofangreint. Eftirlitið á að vera á forræði og ábyrgð stjórnar félagsins, bæði hvað varðar fjárhagsmálefni svo og önnur málefni. Miklu nærtækara sé að útvarpsréttarnefnd sé fyrst og fremst *sjálfstæður úrskurðaraðili á stjórnarsýslustigi* í þessu tilliti, þ.e.a.s. að þeir sem hafi lögvarinna hagsmuna að gæta geti leitað til nefndarinnar telji þeir að RÚV hafi brotið gegn lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið, fremur en að nefndinni sé falið að hafa eiginlegt eftirlit með að starfsemi RÚV sé í samræmi við lög.

3.0 Sérstakar athugasemdir

3.1. Tekjustofnar RÚV

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að stjórn félagsins setji félaginu gjaldskrá fyrir birtingu auglýsinga og aðra skylda tekjustofna. Gjaldskrá skal birta og skal þar gerð grein fyrir öllum afsláttarkörum.

Rétt er að benda á að stjórn RÚV hefur sett félaginu sérstaka gjaldskrá fyrir auglýsingabirtingar, kostun og aðra skylda tekjustofna, sem fylgir umsögn þessari, en hún hefur að geyma ákveðnar reglur, sem eru jafnframt ófrávíkjanlegar, um auglýsingar, kostun og aðra skylda tekjustofna. Á grundvelli þessarar gjaldskrár, þ.e.a.s. þeirra reglna og sjónarmiða sem þar koma fram, er síðan gefin út sérstök verðskrá af hálfu RÚV fyrir hvern mánuð. RÚV telur að það væri æskilegt að *orðalag frumvarpsins myndi endurspeglar þessa framkvæmd*, þ.e. að stjórn RÚV setji félaginu gjaldskrá sem auglýsingadeild RÚV sé heimilt að útfæra með verðskrá sem getur tekið breytingum með reglubundum hætti. Ástæða núverandi fyrirkomulags er sú að verð auglýsinga er eðli málsins samkvæmt breytilegt frá einum mánuði til annars enda ræðst það af atriðum á borð við árstíma, ætlaða eftirspurn og sjónvarpsefni

hlutaðeigandi mánaðar. Verðkjör hvers mánaðar ráðast af faglegu mati á ofangreindum atriðum. Er stjórn félagsins eðli málsins samkvæmt ekki í sérstakri aðstöðu til að leggja mat á og ákveða slíkt á mánaðarlegum grundvelli auk þess sem slíkt samræmist illa hefðbundnu hlutverki stjórnar í hlutafélagi. Því hefur þessi leið verið farin, þ.e. að stjórn félagsins setji félaginu sérstakan ramma, í formi almennrar gjaldskrár, sem daglegir stjórnendur félagsins eru síðan bundnir af þegar þeir ákveða verðskrá hvers mánaðar.

3.2. Eftirlit með starfsemi RÚV

RÚV vísar hér til framangreindra almennra athugasemda um eftirlitshlutverk útvarpsréttarnefndar, bæði að því er varðar almennan lagagrundvöll nefndarinnar svo og hvernig ætlað eftirlitshlutverk hennar samrýmist hefðbundnum sjónarmiðum um stjórnkerfi hlutafélaga.

RÚV bendir jafnframt á að standi vilji til að fela útvarpsréttarnefnd víðtækar heimildir og skyldur, þ.m.t. rétt til álagningar stjórnvaldssekta á RÚV, sé eðlilegt að nefndinni verði gert að setja sér sérstakar málsmeðferðarreglur, sambærilegum t.d. þeim sem Samkeppniseftirlitið hefur sett sér, meðal annars þannig að réttaröryggi sé fyllilega tryggt.

RÚV bendir jafnframt á, að skilin á milli hlutverks og skyldna útvarpsréttarnefndar og annarra eftirlitsaðila mættu vera skýrari. Samkvæmt 11. gr. laganna er útvarpsréttarnefnd falið að hafa „eftirlit með framkvæmd laganna“. Af frumvarpinu verður hins vegar ekki ráðið að nefndinni sé falið að hafa eftirlit með *framkvæmd þjónustusamnings RÚV* við menntamálaráðuneytið. Það verði þá væntanlega áfram aðallega hlutverk og skylda Ríkisendurskoðunar, en rétt er að taka fram að sú framkvæmd leiðir ekki af núgildandi lögum heldur fyrst og fremst efni gildandi þjónustusamnings, sbr. meðal annars 6. gr. hans. Að mati RÚV er nauðsynlegt að löggjafinn taki afdráttarlaust af skarið um þetta. Sömuleiðis, að skilin t.d. á milli hlutverks og skyldna Ríkisendurskoðunar og annarra stjórnvalda, svo sem samkeppnisyfirvalda, verði skýrari. Má í þessu sambandi t.d. benda á að háttsemi RÚV á auglýsingamarkaði hefur verið til skoðunar bæði hjá samkeppnisyfirvöldum svo og hjá Ríkisendurskoðun en vart getur talist eðlilegt, þ.m.t. með tilliti til sjónarmiða um réttaröryggi, að tvö mismunandi stjórnvöld hafi til rannsóknar sömu eða sambærilega háttsemi.

3.3. Þjónustusamningur um rekstur útvarpsþjónustu í almannabágu á milli menntamálaráðherra og RÚV

Með frumvarpinu er leitast við að gera ákvæði laganna um þjónustusamning um rekstur útvarpsþjónustu í almannabágu á milli menntamálaráðherra og RÚV skýrari. RÚV gerir ekki sérstakar athugasemdir hér að lútandi, að öðru leyti en varðar framangreind sjónarmið um eftirlit með framkvæmd þjónustusamningsins.

3.4. Ráðstöfun fjármuna frá rekstri annarrar starfsemi til greiðslu kostnaðar vegna útvarpsþjónustu í almannabágu

RÚV gerir ekki sérstakar athugasemdir við þennan þátt frumvarpsins.

3.5. Takmarkanir á heimild RÚV til tekjuöflunar með sölu auglýsinga, kostunar og vöruinnsetningu

Svo sem að framan greinir fær RÚV ekki ráðið af efni frumvarpsins að fram hafi farið fullnægjandi rannsókn, ef einhver, á þeim fjárhagslegu og samkeppnislegu áhrifum sem kunna að leiða af takmörkunum á umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði. Eru hér ekki aðeins hafðir í huga hagsmunir RÚV heldur einnig hagsmunir fjölmargra annarra aðila, svo sem auglýsenda, auglýsingastofa, kvikmyndaframleiðenda og ekki síst neytenda. Telur RÚV mjög varhugavert og ekki í samræmi við vandaða lagasetningarhætti að ráðast í lagabreytingar án þess að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um slík atriði. Það að löggjafanum sé umhugað um að styrkja fjárhagsstöðu annarra aðila á fjölmiðlamarkaði getur ekki réttlætt fljótfærnisleg vinnubrögð í þessu tilliti, frekar en öðru.

Í þessu sambandi vill RÚV leyfa sér að benda á að fjárhagsörðugleikar annarra fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði eiga, að mati RÚV, fyrst og fremst rætur að rekja til gríðarlegrar skuldsetningar fyrirtækjanna en ekki umsvifa RÚV á auglýsingamarkaði. - Þess má geta að heildartekjur, áskrifta- og auglýsingatekjur Stöðvar 2, eru mun hærri en heildartekjur Sjónvarpsins, afnota- og auglýsingatekjur. - Með sama hætti hefur RÚV t.a.m. ekki litið svo á að umsvif annarra aðila á fjölmiðlamarkaði séu rót fyrirbyggjandi fjárhagsvanda RÚV. Af frumvarpinu verður hins vegar ekki ráðið að fram hafi farið neitt faglegt mat á þessu, þ.e.a.s. hvort jákvæð rekstrarskilyrði væru fyrir hendi hjá öðrum fjölmiðlafyrirtækjum ef þau byggju ekki við þá gríðarlegu skuldsetningu sem raun ber vitni. Að mati RÚV getur það skapað varhugavert

fordæmi ef félög í eigu ríkisins verða látin sæta sérstökum hegðunarkvöðum og – skyldum vegna aðsteðjandi rekstrarvanda samkeppnisaðila, án tillits til þess hver raunveruleg rót rekstrarvandans sé. Slík niðurstaða sé ekki líkleg til að stuðla að ábyrgum rekstri einkafyrirtækja.

RÚV bendir jafnframt á í þessu tilliti, að ekki virðist hafa farið fram nein sérstök könnun á því meðal auglýsenda sjálfra um hvort þeir myndu yfir höfuð vilja versla við tiltekna samkeppnisaðila RÚV. Í þessu sambandi má t.d. benda á að val á fjölmiðli til að auglýsa hjá ræðst að verulegu leyti af markhópi hlutaðeigandi auglýsanda. Ef markhópur samkeppnisaðila RÚV er eftir atvikum annar er lítill hagur af almennum takmörkunum á umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði.

RÚV bendir jafnframt á að ekki virðist hafa farið fram mat á því hvaða skaðlegu og alvarlegu samkeppnislegu áhrif kynnu að leiða af takmörkunum á umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði. Komi til þess að starfsemi RÚV verði settar verulegar skorður, svo sem efni frumvarpsins felur í sér, mun slíkt að öllum líkindum draga úr samkeppni á auglýsingamarkaði enda líklegt að sú staða skapist að 365 og Skjárinn fari þá með sameiginlega markaðsráðandi stöðu í skilningi 11. gr. laga nr. 44/2005, eða að 365 verði, eftir atvikum, með yfirburðastöðu og jafnvel einrátt á auglýsingamarkaði. Í þessu sambandi er til þess að líta að mjög líklegt er að þær tekjur sem Sjónvarpið verður af við þessa takmörkun renni til 365/Stöðvar 2. Þetta skýrist af því að áhorfshópur Stöðvar 2 og Sjónvarpsins er nokkuð líkur (báðar stöðvarnar eru sterkar í aldurshópnum 25 - 55 ára) en jafnframt ólíkur áhorfshóp Skjásins sem fyrst og fremst höfðar til yngri hóps. Þetta þýðir að þeir auglýsendur sem ekki komast að hjá Sjónvarpinu vegna takmarkana munu fyrst og fremst leita til 365/Stöðvar 2. Með þessari yfirfærslu af auglýsingafé frá Sjónvarpinu til 365/Stöðvar 2 er enn verið að stækka hlutdeild þeirra á auglýsingamarkaði. Að mati RÚV leiðir slíkt af sér fráleita stöðu í samkeppnislegu tilliti sem er jafnframt algjörlega á skjön við viðurkenndar skilgreiningar samkeppnisréttar og hagfræðinnar á forsendum virkrar samkeppni. Má ætla að slík markaðsráðandi staða, eða eftir atvikum einstök yfirburðastaða, bitni ekki einasta á kaupendum auglýsinga, heldur geti líka leitt af sér samkeppnislega röskun á tengdum mörkuðum. Þannig er t.d. ljóst að sömu aðilar og fara með yfirráð yfir 365 fara með yfirráð yfir félögum sem eru mjög stórir kaupendur á auglýsingamarkaði, svo sem smásalar á matvörumarkaði. Fáí slíkir aðilar betri kjör og aðgang að auglýsingatíma heldur en samkeppnisaðilar, þarf vart að fjölyrða um þær skaðlegu samkeppnislegu afleiðingar sem slík niðurstaða kynni að leiða af sér til lengri tíma litið, ekki síst fyrir neytendur. Ekki virðist hins vegar hafa farið fram neitt mat á

Þessum atriðum, en vert er að hafa í huga að skerðing á kjörtíma Sjónvarpsins í tímalengd samkvæmt frumvarpinu nemur 75% og skerðing á tekjum Sjónvarpsins vegna þessara takmarkana nemur tæplega 50% af auglýsinga- og kostunartekjum þess. Er því um verulega skerðingu að ræða.

RÚV bendir jafnframt á að gangi frumvarpið eftir óbreytt er ljóst að auglýsingatími í Sjónvarpinu verður í eðli sínu enn takmarkaðri auðlind sem leiðir af sér hærra auglýsingaverð til lengri tíma litið. Slíkt leiðir aftur til þess að meðalstór og minni fyrirtæki hverfa smám saman úr auglýsingatímum Sjónvarpsins, sem dregur aftur úr samkeppnishæfni þeirra gagnvart stærri fyrirtækjum. Virðist ekkert mat hafa farið fram á þessu.

RÚV bendir ennfremur á að ekki hefur farið fram neitt mat á því hvert upplýsingagildi auglýsinga sé og hvaða neikvæðu áhrif, í því samhengi, kunni að leiða af takmörkunum á umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði. Í þessu sambandi verður að líta til þess að auglýsingar hafa tvenns konar hagrænan tilgang. Annars vegar hafa þær það hlutverk að sjá almenningi fyrir upplýsingum sem auðvelda þeim neyslutengdar ákvarðanir. Almennigur fær meðal annars upplýsingar um eiginleika vöru eða þjónustu og verð hennar. Þessar upplýsingar gera almenningi kleift að fullnægja þörfum sínum betur og/eða ódýrar en ella. Takmarkanir á umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði grafa hins vegar undan þessu. Hins vegar geta auglýsendur aukið verðmæti vöru eða þjónustu sinnar með því að tengja jákvæða huglega þætti við vörumerki sitt í gegnum auglýsingar. Sé aðgangur RÚV að auglýsingamarkaði takmarkaður kann slíkt hins vegar að leiða af sér aukinn tilkostnað fyrir auglýsendur í þessu tilliti, bæði vegna minnkaðs framboðs svo og þeirrar staðreyndar að aðrir ljósvakamiðlar búa ekki yfir jafn stórum dreifingarsvæðum.

3.6 Annað

Vakin er jafnframt athygli á því að samkvæmt frumvarpinu, verði það á annað borð samþykkt, öðlast lögin þegar gildi. Æskilegt væri að taka af allan vafa um það að lögin taki ekki til auglýsinga- og kostunarsamninga sem RÚV hefur gert fyrir gildistöku laganna og eiga enn eftir að koma til framkvæmda, meðal annars til að ekki skapist óvissa varðandi réttaráhrif þegar gerðra samninga.

Jafnframt er bent á að samkvæmt lokamálsgrein 1. gr. er ráðgert að RÚV skili til útvarpsréttanefndar gögnum um síðasta reikningsár eigi síðar en tveimur mánuðum

eftir lok hvers fjárhagsárs. Lagt er til að fresturinn verði framlengdur í þrjú mánuði, en tímaramminn samkvæmt frumvarpinu er of þröngur að teknu tilliti til viðurkenndra endurskoðunarvenja.

4.0 Áhrif á aðrar starfsstéttir

RÚV vill líka benda á þau áhrif sem takmarkanir á umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði geta haft á tengdar starfsstéttir:

- Framleiðslufyrirtæki sem starfa í *kvikmyndagerð* hafa mörg hver lifibrauð af því að framleiða auglýsingar. Þar skapast verkefni fyrir leikstjóra, klippara, fólk í leikmyndagerð, kvikmyndatöku, förðun, hljóði og aðra sem vinna við slíka framleiðslu. Þessir einstaklingar stíga oft sín fyrstu skref á þessum vettvangi, öðlast reynslu og þekkingu sem nýtist í annarri kvikmyndagerð. Framleiðslufyrirtækin eru sprotafyrirtæki og þarna á nýsköpun er stað og er mikilvægt að þessi fyrirtæki fái næg verkefni til að blómstra og séu betur búin undir framleiðslu stærri kvikmyndaverkefna. Margt af okkar hæfileikaríkasta fólki í kvikmyndagerð starfar hjá þessum framleiðslufyrirtækjum og vinnur jafnframt að gerð kvikmynda, heimildamynda, stuttmynda og leikinna sjónvarpsþátta. Sjónvarpsþættir á borð við Mannaveiðar, Svarta Engla, Dagvaktina, Hamarinn o.fl. eru framleiddir af fyrirtækjum sem hafa verið mjög öflug í auglýsingagerð og voru reiðubúin að takast á við jafn viðamikil verkefni og gerð þessara leiknu sjónvarpsþátta.
- Takmörkunin hefur víðtæk áhrif á *auglýsingagerð* í landinu og þar með einstaka starfshópa, svo sem auglýsingastofur og starfsmenn þeirra, grafíska hönnuði, handritshöfunda, textagerðarfólk o.fl.
- Leikarar og tónlistarmenn vinna margir hverjir við auglýsingagerð sem er mjög atvinnuskapandi fyrir þeirra starfsstéttir.

Ekkert mat virðist hafa farið fram á framangreindum atriðum.

5.0 Útreikningur tekjutaps

Samkvæmt áætlun tengdri stofnefnahagsreikningi RÚV eiga tekjur félagsins af útvarpsgjaldi að vera 3.872 milljónir króna árið 2009 að teknu tilliti til áætlaðrar verðlagsvísitölu um mitt ár 2009. Áður en umræða fór af stað um skerðingu á

auglýsingatekjum RÚV lá fyrir að útlarpsgjaldið skyldi vera kr. 17.076.- og miðað við 205.000 greiðendur yrðu tekjur af útlarpsgjaldi þá 3.500 milljónir króna eða 372 milljónir króna lægri en upphaflega var gert ráð fyrir. Samkvæmt mati RÚV má ætla að tekjuskerðing félagsins vegna ætlaðra takmarkana á umsvifum á auglýsingamarkaði nemi rúmlega 393 milljónum króna á ársgrundvelli til viðbótar við framangreinda 372 milljóna króna skerðingu útlarpsgjalds. Samtals er því skerðingin 765 milljónir króna.

Aldrei hefur annað staðið til en að bæta RÚV tekjumissinn vegna takmörkunar á auglýsinga- og kostunarmarkaði en nú á að koma til móts við tekjumissinn vegna þessa með því að hækka útlarpsgjaldið í kr. 17.900.- sem skilar RÚV aðeins um 169 milljónum króna á ársgrundvelli. Samkvæmt framgreindu vantar því enn ríflega 224 milljónir króna upp á staðið verði við gefnar yfirlýsingar um tekjur af auglýsingum og kostun (og 596 milljónir króna ef bæta á alla skerðingu).

Til að bæta þessa 224 milljóna króna vöntun vegna skerðingar á auglýsingum og kostun eru tvær leiðir færar:

1. að hækka útlarpsgjaldið í kr. 18.993.-
2. draga úr fyrirhuguðum takmörkunum á auglýsingamarkaði

Með eftirfarandi breytingum á framkomnu frumvarpi má laga stöðuna um 196 milljónir króna:

- að heimila kostun á öllu íslensku efni og stórviðburðum
- hlutfall auglýsinga á kjörtíma verði hækkað í 6,67%, sem jafngildir 12 mín.
- heimilt verði að rjúfa þætti sem eru lengri en 40 mínútur
- heimila 240 sek. auglýsingatíma í kringum íslenskt efni

Þar sem þessar breytingar skila aðeins um 196 milljónum króna á ársgrundvelli vantar enn 28 milljónir króna til að tekjuskerðingunni vegna auglýsinga og kostunar sé mætt að fullu. Það mætti gera með því að hækka útlarpsgjaldið um 137 krónur í kr. 18.037.-


6.0 Niðurlag

Sé það þrátt fyrir allt framangreint vilji löggjafans að takmarka umsvif RÚV á auglýsingamarkaði telur RÚV eðlilegt að gæta meiri hófs í þeim efnum og takmarka þannig þau skaðlegu áhrif sem af því geti leitt. Telur RÚV meðal annars æskilegt að heimila kostun á stórviðburðum og öllu íslensku efni. Kostun á íslensku efni er ekki aðeins til þess fallið að efla innlenda dagskrárgerð í samræmi við

almannþjónustuhlutverk RÚV, heldur styrkir slíkt jafnframt ýmsa tengda atvinnustarfsemi sem á verulega undir högg að sækja. Í sama tilgangi væri æskilegt að mati RÚV að dregið yrði með einhverjum hætti úr takmörkunum á auglýsingum á kjörtíma þegar um innlent dagskrárefni er að ræða, svo sem með því að heimila 240 sek. auglýsingatíma í kringum það, sbr. einnig að framan. Undir öllum kringumstæðum telur RÚV að 5% hlutfall auglýsinga á kjörtíma sé allt of lágt og leggur til að það verði hækkað í 6,67% eða í 12 mínútur. Sömuleiðis, að rjúfa megi þætti sem eru lengri en 40 mínútur.

Með vísan til alls framangreinds mælir RÚV ekki með samþykki frumvarpsins í óbreyttri mynd. Ítrekar RÚV jafnframt nauðsyn þess að samhliða endurskoðun á þátttöku RÚV á auglýsingamarkaði verði sett löggjöf um fjölmiðla og eignarhald á þeim með það að markmiði að draga úr þeim skaðlegu samkeppnislegu áhrifum sem kunna að leiða af takmörkunum á umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði við núverandi markaðsaðstæður.

Virðingarfyllst,
f.h. Ríkisútvarpsins ohf.



Páll Magnússon,
útvarpsstjóri